


Eru
þeir að
fá 'ann
?



Vel gengur í Álfhá

Vel hefur veiðst í Álfhá á Mýrum og í gær voru komnir rúmlega 90 laxar á land, miðað við 64 á sama tíma í fyrra sem þó var metár í ánni þegar upp var staðið. Veiðin hefur verið jöfn og góð allt frá því hún hófst, þetta 6—12 laxar á dag að meðaltali á tvær stangir. Mikill lax er í ánni og hefur hann verið með vænsta móti. Tveir 20 punda laxar eru komnir á land, annar veiddist í Kerfossi í fyrradag, hinn veiddi Lýður Jónsson á flugu á Lamba-fossbrún.

Lygilegasta veiðisagan?

Loks er hér ótrúleg en sönn veiðisaga, sem vert er að láta flakka með til gamans. Hans Þór Jónsson, veggfóðarameistari og fyrrum bóndi á Álfhá á Mýrum, var að veiða í Álfhá á dögnum. Vegna straums hafði hann sett flotholt eitt lítið á línuna og var í mestu makindum að veiða þegar lax beit á agnið. Svo óheppilega vildi þó til, að hnúturinn, sem bundinn var við flotholtið losnaði, þegar

laxinn tók og nú sá Hans Þór flotholtið ganga upp og niður ána. Hann beið átakta, festi öngul á línuna og kastaði í átt til flotholtins. Þá vildi svo einkennilega til að í fyrsta kasti tókst honum að hitta flotholtið og ekki nóg með það, heldur fór önguloddurinn í gegnum agnarlítið gatið á flotholtinu en þó ekki svo að agnhaldið færi í gegn. Hans Þór hélt línunni strekktri og landaði að lokum 11 pund laxi. Sjálfur kvað hann þetta þá lygilegustu laxveiðisögu, sem hann hefði upplifað og kvaðst ekki myndi hafa trúað henni, ef þetta hefði ekki komið fyrir hann sjálfan.

Laxá í Kjós full af laxi

„Veiðin hefur verið jöfn og góð og enn er laxinn að ganga grímt í ána, þannig veiddu þeir fjóra lúsuga á neðsta svæðinu í morgun,” sagði Jón Pálsson veiðivörður við Laxá í Kjós, í samtali við Morgunblaðið í gær. Gat hann þess að komnir væru um 1.000 laxar á land úr Laxá, og Bugðu, en það væri meira en



● Þessi ungi veiðimaður renndi fyrir lax í Skraumu í Dölum um verslunarmannahelgina og komst heldur betur í feitt. Stórlaxinn sem hann heldur á veiddi hann án aðstoðar reyndari veiðimanna, en annan síst minni missti hann í lendingu. Veiðimaðurinn heitir Jóhann Þórarinnsson, 9 ára, en laxinn er 10,5 pund.

þriðjungi betri veiði en um svipað leyti í fyrra.

Jón sagði að laxinn væri af öllum stærðum og gerðum, talsvert hefði gengið af smálaxi síðustu vikurnar, en mikið hefði verið fyrir af stórlaxi, 8—14 punda fiskum, og þeir væru áberandi í aflanum. Stærsti laxinn veiddist fyrir þremur dögum. Bandarískur veiðimaður að nafni Coyne veiddi laxinn, sem var 20 pund, í Pollabreiðu á neðsta svæðinu og notaði til þess svarta og silfraða túbuflugu. Einn 17 punda lax hefur veiðst og þó nokkrir 15—16 punda laxar.

Nú eru bæði íslenskir og erlendir veiðimenn í Laxá, en einungis er leyft að veiða á flugu og gildir sú regla til 12. ágúst, en þá fer landinn að drekkja möðukum þar á nýjan leik og verður þá væntanlega handagangur í öskjunni. Sagði Jón að ef á heildina væri lítið, væri Frances líklega drýgsta flugan, enginn litur þó öðrum fremur. Þá hafa klassískar á borð við Blue Charm og Collie Dog staðið fyrir sínu. Ný fluga hefur skipað sér á bekk með þeim fengsælustu og fullyrtri Jón að hún væri ekki reynd í öðrum ám en Laxá. Er það straumfluga sem ber nafnið Rebel og mun vera svört og silfrud. Er hún skeytt fyrirferamiklum maraboufjörðum. „Áin hefur verið mjög vatnsmikil í allt sumar og þegar þannig hefur hitt á að áin hefur verið vaxandi, hefur þessi fluga gefið hreint ótrúlegan afla,” sagði Jón veiðivörður.

Vestmannaeyjar:

Misklíð um framkvæmd tollgæslu

TOLLVERDIR úr Reykjavík fóru til Vestmannaeyja um síðustu helgi til að aðstoða tollverði þar við tollskoðun skipa sem væntanleg voru til Eyja. Var um þrjú skip að ræða, bátana Sudurey og Álsey og togarann Vestmannaey. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins kom upp deila milli tollvarða úr landi og Eyjum um hvernig leit í skipunum skyldi framkvæmd og fór svo að lokum að tollvörðunum úr landi var ekki leyft að skoða Álseyna, en þá höfðu þeir leitad í togaranum og hinum bátunum með tollvörðunum úr Eyjum.

Morgunblaðið hafði samband við Kristín Ólafsson tollgæslustjóra vegna þessa máls og sagðist hann ekki neita því að ákveðin misklíð hefði komið upp við skoðun skipanna, en hún væri í engu frábrugðin misklíð sem gæti komið upp á öðrum vinnustöðum. Það væru skiptar skoðanir á hverjum vinnustað og menn hefðu deildar meiningar um hlutina. Hann sagðist myndi taka málið upp við bæjarfógetann í Vestmannaeyjum.

Agnar Angantýsson yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum vildi ekkert láta hafa eftir sér um málið þegar Morgunblaðið hafði samband við hann seinnipartinn í gær.

Veitt starfslaun borgarinnar

STJÓRN Kjarvalsstaða samþykkti á fundi sínum nýlega að veita Ásgerði Búadóttur, vefara, starfslaun Reykjavíkurborgar til eins árs, frá 1. október nk.

Stjórninni bárust 26 umsóknir um starfslaunin frá listamönnum úr mörgum listgreinum. Þetta er í fjórða sinn sem listamönnum eru úthlutað starfslaun frá Reykjavíkurborg, og fyrstur til að hljóta þau, var Magnús Tómasson. Í fyrra var Braga Ásgeirssyni úthlutað starfslaunin, en í ár skiptust þau á milli tveggja listamanna, þeirra Messínu Tómasdóttur og Ingunnar Eydal.

Ásgerður Búadóttir hóf nám í Myndlista- og handiðaskólanum árið 1942 og hélt svo til náms í máladeild Konunglegu akademíunnar í Kaupmannahöfn 1949. Auk þess hefur hún farið í námsferðir til Hollands og Frakklands. Ásgerður hefur tekið þátt í fjölda sýninga, bæði hér á landi og erlendis og hlaut gullverðlaun fyrir verk sín á 8. Alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München árið 1956.



Ásgerður Búadóttir, vefari.

Bæjarútgerð Reykjavíkur:

Hefst varla undan að vinna aflann

MIKILL afli hefur borizt til Bæjarútgerðar Reykjavíkur að undanfögnu og í síðustu viku var unnið þar til klukkan 10 á hverju kvöldi. Þá var unnið við skreiðar- og saltfiskverkun síðastliðinn laugardag og sótt um undanþágu til vinnu á mánudag. Sú undanþága fékkst ekki.

Að sögn Björgvins Guðmundssonar, eins af framkvæmdastjórn BÚR, var sérstaklega mikið af fiski hjá Bæjarútgerðinni í síðustu viku og því þótti nauðsynlegt að

vinna bæði frameftir og á laugardag. Sagði hann að fjórir togarar hefðu landað í síðustu viku og hefðu þeir verið með talsverðan þorsk. Því hefði tæplega hafzt undan við að vinna fiskinn nema með yfirvinnu. Togarnir hefðu undanfarið verið á Vestfjarðamiðum og notið góðs af aflahrotu þar um daginn. Þó ekki hefði fengist undanþága til vinnu á mánudag, hefði það ekki komið að sök vegna þess hve góða kæligeymslu Bæjarútgerðin hefði. Kæmi hún sér mjög vel.

MAZDA

KVÖLDSÝNING

fimmtudag

Nú breytum við til og höldum bílasýningu til klukkan 10 í kvöld.

SÝNUM:

NÝJA BÍLA:

Mazda 323

Mazda 626

Mazda PICKUP

(MAZDA 929 er því miður uppseldur)

NOTAÐA BÍLA:

Glæsilegt úrval af notuðum Mazda bílum í 1. flokks ástandi með 6 mánaða ábyrgð og á hagstæðu verði.

Gerð	árg.	ekinn
929 2 dyra HT m/öllu	'83	1.600
929 Station vökvast.	'83	8.000
929 SDX 4 dyra vökvast.	'83	1.100
929 LTD 4 dyra m/öllu	'82	12.000
929 SDX 4 dyra sj.sk.	'82	13.000
929 Station vökvast.	'82	óekinn
626 2000 4 dyra	'82	29.000
323 Saloon 1300	'82	36.000
323 3 dyra 1300	'81	28.000
323 5 dyra 1300	'81	24.000

Athugið sérstaklega, að verð notaðra bíla hefur lækkað eins og nýrra.

mazda
BÍLABORG HF.
Smíðshöfða 23 sími 812 99



Fólksbíl/Stationbíl
Nýr framdrifinn MAZDA 626
5 dyra Hatchback
margfaldur verðlaunabíll.

Vél: 102 hð DIN
Viðbragð: 0-100 km 10,4 sek.
Vindstuðull: 0,35
Farangursgeymsla: 600 lítrar
m/niðurfelldu aftursæti
Bensineyðsla: 6,3 L/100 km á 90 km hraða